



Borgarráð

Reykjavík, 24. mars 2026

MSS26030097

Tillögur vegna aðalfundar SORPU bs. 2026

Boðað hefur verið til ársfundar SORPU bs. miðvikudaginn 15. apríl 2026 kl. 16.00 á skrifstofu SORPU á 5. hæð að Köllunarklettsvegi 1.

Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi SORPU bs:

- Ársreikningur 2025 lagður fram til samþykktar.
- Tillaga um endurskoðanda
Stjórn leggur til að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði kosin endurskoðandi SORPU bs.

Lagt er til að framangreindar tillögur verði samþykktar.

Ekki kemur til kosningu í stjórn SORPU bs. en í 4. gr. stofnsamnings félagsins segir: „Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Kjörtímabil stjórnar er til tveggja ára frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast á milli aðildarfélaganna.”

Málið er trúnaðarmál fram yfir ársfund SORPU bs. sem haldinn verður 15. apríl 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Ársreikningur SORPU bs.

Rekstraryfirlit 2025.

Fundarboð og dagskrá ársfundar.

Tillaga um endurskoðanda.



Reykjavík

SORPA bs.

Ársreikningur 2025

Köllunarklettsvegur 1
104 Reykjavík

Kt. 510588-1189

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10
Sundurliðanir	17

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í SORPU bs.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning SORPU bs. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar sem fylgir ársreikningi, ársskýrsla og önnur upplýsingagjöf. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- * Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- * Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- * Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 18. mars 2026

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur og afkoma:

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi samlagsins er meðhöndlun úrgangs. Fjöldi ársverka var 173.

Kynjahlutfall stjórnar er ójafnt, 2 konur og 4 karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 541.322.723 kr. Hrein eign félagsins í lok tímabilsins nam 6.578.416.216 kr. Ráðstöfun á afkomu tímabilsins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir:

SORPA hefur gengið í gegnum miklar breytingar frá árinu 2023 sem hafa haft mikil áhrif á rekstrar- og tekjulíkan félagsins og hélt sú umbreyting áfram út árið 2025 og mun halda áfram árið 2026. Áhersla á hringrásarhagkerfið, ábyrga og rekjanlega úrvinnslu úrgangs með sérstakri áherslu á að koma úrgangi ofar í úrgangspríhyrninginn hefur verið megin áhersla í starfsemi SORPU undanfarin ár og hafa öll úrbótar- og hagræðingarverkefni verið unnin með þá sýn að leiðarljósi.

Lögð var áhersla á að bæta fyrirsjáanleika í áætlanagerð með innleiðingu á nýju áætlanakerfin á árinu 2025 og er markmiðið að innleiða rolling forecast og í framhaldinu hugmyndafræðina Beyond Budgeting. Tilgangurinn með því er að bæta sveigjanleika SORPU í rekstri, auka ábyrgð stjórnenda á sínum sviðum og auka fyrirsjáanleika í rekstri SORPU.

Samþykkt var af stjórn SORPU, eigendaráði SORPU og stefnuráði að skipta SORPU upp í þrjú fyrirtæki í samræmi við sátt við ESA frá árinu 2024. Tilgangurinn er að aðskilja efnahagslega starfsemi frá lögbundinni starfsemi og mun ný og breytt SORPA hefja starfsemi 1.1.2027. Eru nú þrjú verkefnahópar að störfum við að útfæra með nákvæmari hætti þá útfærslu sem eigendur SORPU samþykktu.

Farið var í margar hagræðingaraðgerðir á árinu 2025 sem höfðu verið í undirbúningi síðan 2024. Voru fjölmörg verkefni innvistuð hjá SORPU eftir að hafa verið arðsemismetin og hefur árangurinn verið í samræmi við væntingar. Niðurstaðan var að árlegur sparnaður verður um 313 milljónir kr. Þessi árangur styrkir efnahag SORPU og gerir félaginu kleift að þróa reksturinn áfram án aðkomu og fjárhagslegs stuðnings eigenda.

Fyrirsjáanlegt er að SORPA muni falla undir svokallaða NIS2 kröfur í upplýsingatækniöryggi sem mikilvægt innviðafyrirtæki. SORPA er nú að leggja mikla vinnu í undirbúning til að vera tilbúin þegar væntanleg löggjöf tekur gildi, m.a. með ráðningu sérfræðings í upplýsingatækni og öryggismálum.

Textíll er áfram áskorun hjá SORPU og er það verkefni enn í þróunarfasa. Verið að leita leiða til að bæta vinnsluna við textíl til að auka það hlutfall sem fer í endurnot en í dag fer um helmingur af þeim 2.400 tonnum sem berast til SORPU í brennslu. Þessi málaflokkur er þungur í rekstri SORPU og mikilvægt að stjórnvöld innleiði í lög reglur um upprunaábyrgð á textíl þannig að framleiðendur og seljendur greiði úrvinnslugjald af þeim textíl sem seldur er á Íslandi.

Búið er að afskrifa að fullu forvinnslulínuna sem varð verkefnalaus þegar sérsöfnun á lífrænum úrgangi hófst árið 2023 og er var hún tekin niður á árinu og búið að selja hana.

Á urðunarstaðnum í Álfsnesi hafa verið miklar breytingar en unnið er að skipulagi við lokun á urðunarstaðnum í samræmi við eigendasamkomulag sem gerir ráð fyrir lokun urðunarstaðarins árið 2030.

Mikil vinna var unnin á árinu 2025 til að greina mögulegar leiðir til að taka á lyktarvandamálum sem koma frá Álfsnesi. Nokkrum atriðum hefur verið hrint í framkvæmd s.s. var gassöfnunarkerfi urðunarstaðarins bætt og virkjað enn frekar og pantað var sjálfvirkt rafrænt lyktarnef til að vakta Álfsnes með tilliti til lyktardreifingar á svæðinu.

Hjá GAJU hefur verið unnið að fjölmörgum úrbótarverkefnum til að bæta framleiðsluferli. Einnig var keypt umbúðarskilja til að bæta afköst GAJU til að geta tekið við lífrænum úrgangi í umbúðum. Ennfremur er verið að bæta loftræstikerfi GAJA.

Hjá Endurvinnslustöðvunum skiluðu hliðgjöld 39% hærrí tekjum en gert var ráð fyrir eða um 116 milljónum. Er markmiðið að auka þessar tekjur umtalsvert á árinu 2026 m.a. með því að nýta bílnúmeralesara til að greina íbúa höfuðborgarsvæðisins sem taka þátt í rekstri endurvinnslustöðvanna með sköttum frá íbúum utan höfuðborgarsvæðisins sem og fyrirtækja sem taka ekki þátt í þessum samrekstri. Er markmiðið með þessum breytingum að lækka framlag eigenda til reksturs endurvinnslustöðva og að þeir sem mengi greiði fyrir það.

Opnunartími endurvinnslustöðva var lengdur á öllum stöðvum nema Blíðubakka í 9:00-19:00 án aukins rekstrarkostnaðar. Var þetta mögulegt með breytingum á vaktaskipulagi sem bæði bætir þjónustu við viðskiptavinum og jók starfsánægju vegna breytinga á vöktum.

Vinna hófst við bættar merkingar á endurvinnslustöðvunum á Breiðhelli til að bæta upplýsingar til viðskiptavina um hvar allir efnisflokkarnir eru, þar sem markmiðið er að auka ánægju viðskiptavina og bæta flæði þeirra í gegnum stöðvarnar og auka afköst hverrar stöðvar.

Ný endurvinnslustöð við Lambhagaveg var boðin út og hófst bygging hennar á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að stöðin opni um mitt árið 2026 og muni þá gerbreyta þjónustugetu og ásýnd endurvinnslustöðva SORPU.

Stofnuð var sérstök viðhaldsdeild á árinu 2025. Hlutverk hennar er að halda utan um allar eignir SORPU og sjá um viðhald þeirra. Markmiðið með þeirri breytingu er að allt viðhald á tækjum og öðrum eignum SORPU verði á hendi einnar deildar sem mun með því hafa betri yfirsýn og stuðla að fyrirbyggjandi viðhaldi sem mun lækka viðhaldskostnað, bæta endingu og hækka endursöluvirði tækja þegar kemur að endurnýjun. Hefur deildin þegar sett fram stefnur og verklagsreglur og innleitt fjölmargar nýjungar til að bæta eftirlit með þeim tækjum sem SORPA á.

Allar eignir SORPU eru staðsettar í viðhaldsdeildinni sem síðan leigir áfram til annara deilda þar sem tekið er tillit í leigugjaldinu allur líftímakostnaður viðkomandi tækis ásamt fjármagnskostnaði og eðlilegri ávöxtunarkröfu þess eigin fjár sem lagður er í viðkomandi fjárfestingu. Með þessu er verið að leggja til hliðar fjármagn fyrir framtíðar endurnýjunarþörf á tækjakosti SORPU.

Viðhaldsdeildin heldur einnig utan um öll nýsköpunarverkefni SORPU og skoðar allar hugmyndir að þróunarverkefnum sem send eru byggðasamlaginu.

Megináhætta og óvissuþættir:

Stefna stjórnvalda hefur bein áhrif á rekstur SORPU. Unnið er að því að auka fyrirsjáanleiki á breytingum til þess að SORPA geti brugðist betur við breyttum ferlum, takmörkunum og reglum um meðhöndlun úrgangs. Slíkum breytingum fylgir gjarnan aukinn kostnaður hjá samlaginu og auknar fjárfestingar.

Samlagið hætti allri urðun á blönduðum úrgangi í Álfsnesi og hóf útflutning á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu í lok árs 2023. Að senda úrgang í brennslu er kostnaðarsamari vinnsluferill heldur en að urða og hefur gjaldskrá samlagsins tekið breytingum í samræmi við aukinn kostnað. Þá er gengisáhætta til staðar og óvissa um verð frá móttökuaðilum og hugsanlega skattar og lagabreytingar í Evrópu er snúa að innflutningi á úrgangi.

Fjármögnun og vaxtastig:

Vextir hafa haldist háir síðustu misseri og hefur það áhrif á rekstur SORPU. Samlagið er einungis fjármagnað með lánum í íslenskum krónum og því er gengisáhætta ekki til staðar hvað fjármögnun varðar en allur útflutningur SORPU á brennalegu sorpi til greiddur í Evrum. □

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra:

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra SORPU bs. er ársreikningur félagsins í samræmi við reikningsskilastaðla. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í lok tímabilsins og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við. □

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavík	58,3%	1.099.813.104
Kópavogur	15,4%	290.021.776
Hafnarfjörður	12,6%	237.286.499
Garðabær	6,9%	130.066.647
Mosfellsbær	4,7%	88.541.017
Seltjarnarnes	2,2%	41.233.525
	100,0%	1.886.962.568

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir tímabilið með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. mars 2026

Framkvæmdastjóri:

Jón Viggó Gunnarsson

Ársreikningur er undirritaður rafrænt

Rekstrarreikningur 2025

Rekstrartekjur	Skýr.	2025	2024
Þjónustutekjur		8.131.456.755	7.690.477.715
Aðrar tekjur		181.464.065	87.495.591
		<u>8.312.920.820</u>	<u>7.777.973.306</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	2.734.203.366	2.484.082.811
Rekstrarkostnaður		4.154.382.520	4.144.735.159
Afskriftir	5	672.300.471	657.678.518
		<u>7.560.886.357</u>	<u>7.286.496.488</u>
		Rekstrarhagnaður	491.476.818
		752.034.463	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		29.691.687	13.282.509
Vaxtagjöld		(204.601.610)	(242.378.607)
Gengismunur		(5.649.134)	(2.011.143)
Áhrif dótturfélaga	6	(30.152.683)	2.176.189
		<u>(210.711.740)</u>	<u>(228.931.052)</u>
		Hagnaður tímabilsins	262.545.766
		<u>541.322.723</u>	<u>262.545.766</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir		6.888.889.655	6.309.948.262
Áhöld og tæki		1.720.489.833	1.503.084.698
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	5	<u>8.609.379.488</u>	<u>7.813.032.960</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	242.590.609	272.743.292
Bundnar bankainnstæður		166.996.745	159.013.224
Áhættufjárm. og langtímakr. samtals		<u>409.587.354</u>	<u>431.756.516</u>
Fastafjármunir samtals		<u>9.018.966.842</u>	<u>8.244.789.476</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	2,8	764.318.575	337.664.803
Kröfur á tengda aðila	7	654.413.137	414.568.990
Aðrar skammtímakröfur		18.094.395	15.176.719
Handbært fé	2	784.590.751	508.650.736
Veltufjármunir samtals		<u>2.221.416.858</u>	<u>1.276.061.248</u>
Eignir samtals		<u>11.240.383.700</u>	<u>9.520.850.724</u>

31. desember 2025

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2025	2024
Eigið fé			
Stofnfé		1.886.962.568	1.886.962.568
Óráðstafað eigið fé		4.691.453.648	4.150.130.925
Eigið fé samtals	9	<u>6.578.416.216</u>	<u>6.037.093.493</u>
Skuldir			
Skuldbindingar			
Skuldb. v/ábyrgðar á urðunarst.		172.937.672	161.931.187
Skuldb. vegna endurvinnslustöðva		311.068.454	325.039.104
Skuldbindingar samtals	11	<u>484.006.126</u>	<u>486.970.291</u>
Langtímalán			
Skuldir við lánastofnanir	10	<u>2.799.176.372</u>	<u>1.924.941.993</u>
Langtímalán samtals		<u>2.799.176.372</u>	<u>1.924.941.993</u>
Langtímaskuldir samtals		<u>3.283.182.498</u>	<u>2.411.912.284</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	2	612.873.019	454.628.871
Skuldir við tengda aðila	7	22.090.957	27.945.802
Ýmsar skammtímaskuldir		442.823.992	373.994.174
Næsta árs afb. langtímaskulda	10	300.997.018	215.276.100
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.378.784.986</u>	<u>1.071.844.947</u>
Skuldir samtals		<u>4.661.967.484</u>	<u>3.483.757.231</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>11.240.383.700</u>	<u>9.520.850.724</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SORPA er byggðasamlag og er megin starfsemi félagsins fólgin í meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Lögheimili samlagsins er að Köllunarklettsvegur 1, 104 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á árinu. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skýringar

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Seldar vörur

Tekjur af seldum vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda, en almennt er miðað við afhendingu vöru.

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Styrkir

Styrkir eru færðir til lækkunar á kostnaði.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

3. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samlagsins er skipt í eftirfarandi fjóra starfspætti:

	Gufunes	Álfsnes	Endurvinnslu- stöðvar og grenndargámar	Góði Hirðirinn	Samtals
Tekjur	5.923.012.494	1.737.945.075	3.007.439.317	711.758.165	11.380.155.051
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(3.067.234.231)
Samtals	5.923.012.494	1.737.945.075	3.007.439.317	711.758.165	8.312.920.820
Laun og launat. gjöld .	1.229.352.270	341.795.788	782.772.176	389.416.428	2.743.336.662
Rekstrarkostnaður	3.822.460.845	860.932.624	2.224.572.952	313.650.330	7.221.616.751
Afskriftir	440.914.481	222.739.210	0	8.646.780	672.300.471
Fjármagnsliðir	106.234.511	104.338.413	94.189	44.627	210.711.740
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(3.067.234.231)
Samtals	5.598.962.107	1.529.806.035	3.007.439.317	711.758.165	7.780.731.393
Hagnaður (tap) ársins	324.050.387	208.139.040	0	0	532.189.427

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	2.219.312.994	2.053.844.540
Lífeyrissjóður	297.937.900	251.567.462
Önnur launatengd gjöld	216.952.472	178.670.809
Laun og launatengd gjöld alls	2.734.203.366	2.484.082.811

Fjöldi ársverka á tímabilinu var 173 miðað við 162 á sama á árinu á undan.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 61,5 mkr á tímabilinu, en um 43,7 mkr á sama tímabili árið á undan.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrymun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers tímabils.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	8.056.481.569	3.010.935.420	11.067.416.989
Afskrifað alls 1/1	(1.746.533.308)	(1.507.850.721)	(3.254.384.029)
Viðbót á tímabilinu	846.917.020	654.420.493	1.501.337.513
Afskrifað á tímabilinu	(267.975.624)	(418.295.497)	(686.271.121)
Selt og niðurlagt	0	(18.719.864)	(18.719.864)
Bókfært verð 31/12	6.888.889.657	1.720.489.831	8.609.379.488
Stofnverð alls 31/12	8.903.398.589	3.646.636.049	12.550.034.638
Afskrifað alls 31/12	(2.014.508.932)	(1.926.146.218)	(3.940.655.150)
Bókfært verð 31/12	6.888.889.657	1.720.489.831	8.609.379.488
Afskriftarhlutföll	2-20%	10-20%	

Afskriftir færast eftirfarandi:

Í rekstur	672.300.471
Til lækkunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva	13.970.650
	686.271.121

Skýringar

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Gufunes, móttökustöð	2.255.350.000	2.503.150.000	768.565.520
Gas og jarðgerðarstöðin Álfsnesi	3.796.800.000	0	4.992.868.348
Viðhaldsdeild	0	0	816.383.202
Endurvinnslustöðvar	338.360.000	224.380.000	311.072.587
	<u>6.390.510.000</u>	<u>2.727.530.000</u>	<u>6.888.889.657</u>

Vátryggingarverð véla, tækja og áhalda samlagsins nam 13.696 mkr í lok tímabilsins.

6. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð í. Yfirráð eru til staðar þegar félagið á meirihluta atkvæða í öðru félagi eða fer með meirihluta atkvæða af einhverjum ástæðum. Hlutdeildarfélög eru þau félög, þó ekki dótturfélög, sem félagið á verulegan eignarhlut í eða hefur myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut í öðru félagi ef það á a.m.k. 20% eignarhlut í því. Eignarhlutir félagsins í dóttur- og hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins. Hlutdeild í rekstrarárangri er færð sem áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga í rekstrarreikning.

	%	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf., Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík ..	100,00%	101.000.000	242.590.609
			<u>242.590.609</u>

7. Viðskipti við tengda aðila

Í töflunni hér að neðan koma fram heildarviðskipti ársins við tengda aðila:

	2025	2025	2025	2025
	Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengd- um aðilum	Lán frá tengd- um aðilum	Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	4.075.940.809	345.452.055	20.856.585	474.531.435
Óuppgert v/endurvinnslust....				110.551.312
Óuppgert v/grenndargáma....				29.128.319
Metan dótturf. SORPU.....	234.240.551	1.778.167	1.234.372	40.202.071
	<u>4.310.181.360</u>	<u>347.230.222</u>	<u>22.090.957</u>	<u>654.413.137</u>
	2024	2024	2024	2024
	Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengd- um aðilum	Lán frá tengd- um aðilum	Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	3.523.544.094	262.046.898	25.686.963	378.319.610
Óuppgert v/endurvinnslust....				30.530.805
Óuppgert v/grenndargáma....			1.402.486	
Metan dótturf. SORPU.....	9.834.201	8.160.693	856.353	5.718.575
	<u>3.533.378.295</u>	<u>270.207.591</u>	<u>27.945.802</u>	<u>414.568.990</u>

Skýringar

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfurkröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 7,7 mkr. Á tímabilinu eru gjaldfærðar 0,3 mkr. vegna tapaðra krafna og breytinga á niðurfærslu. Breytingin greinist þannig:

	2025	2024
Afskriftareikningur 1/1	7.688.160	2.607.345
Afskrifaðar kröfur á tímabilinu	89.749	4.795.019
Framlag tímabilsins í afskriftareikning	(89.749)	285.796
Afskriftareikningur 31/12	7.688.160	7.688.160

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	1.886.962.568	4.150.130.925	6.037.093.493
Hagnaður ársins		541.322.723	541.322.723
Eigið fé 31/12	1.886.962.568	4.691.453.648	6.578.416.216

10. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Lán og lántökur sem bera vexti eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	2025	2024
Lánasjóður sveitarfélaga NVT 3,91-4,10%	2.969.485.034	1.466.042.730
Íslandsbanki ÓVTR, 11,53%	0	633.333.337
Eignaleigur ÓVTR 9,70%	130.688.356	40.842.026
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	3.100.173.390	2.140.218.093
Næsta árs afborganir	(300.997.018)	(215.276.100)
Langtímaskuldir samtals skv. efnahagsreikningi	2.799.176.372	1.924.941.993

Langtímaskuldir greinast þannig:

	2025	2024
Skuldir vegna byggðasamlagsins	3.100.173.390	2.140.218.093
	3.100.173.390	2.140.218.093

Skýringar

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2026 / 2025	300.997.018	215.276.100
Afborganir 2027 / 2026	300.997.018	216.350.592
Afborganir 2028 / 2027	300.997.018	217.157.260
Afborganir 2029 / 2028	288.384.259	218.054.602
Afborganir 2030 / 2029	274.699.124	212.844.208
Afborganir síðar	1.634.098.953	1.060.535.331
	<u>3.100.173.390</u>	<u>2.140.218.093</u>

11. Skuldbindingar

Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 11 mkr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 172,9 mkr.

Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánunum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun	325.039.104	340.750.293
Krafa á sveitarf., v/langtímal. endurvinnslust., í ársbyrjun	0	(10.019.016)
Afskrift á tímabilinu	(13.970.650)	(15.711.189)
Vextir og uppreikningur langtímalána	0	10.019.016
Samtals	<u>311.068.454</u>	<u>325.039.104</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Endurvinnslustöðvar í lok tímabilsins	311.068.454	325.039.104
Samtals	<u>311.068.454</u>	<u>325.039.104</u>

Skuldbinding skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 31.12.2025

		<u>2025</u>	<u>2024</u>
Reykjavíkurborg	55,5%	172.642.992	182.985.358
Kópavogur	16,0%	49.770.953	51.850.721
Hafnarfjörður	12,9%	40.127.831	40.821.267
Garðabær	8,3%	25.818.682	25.744.169
Mosfellsbær	5,5%	17.108.765	17.720.355
Seltjarnarnes	1,8%	5.599.232	5.917.234
Samtals		<u>311.068.454</u>	<u>325.039.104</u>

Skýringar

12. Leigusamningar

Samlagið leigir verslunar- og skrifstofuhúsnæði undir starfsemi sína. Þessir leigusamningar eru til 10 ára eða ótímabundnir. Leigusamningarnir eru allir tengdir vísitölu neysluverðs. Leigusamningarnir teljast rekstrarleigusamningar og eru leigugreiðslur þeirra gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Samningsbundnar leigugreiðslur eru áætlaðar að falli til þannig á næstu ár:

Leiga 2026	148.964.310
Leiga 2027	148.964.310
Leiga 2028	148.964.310
Leiga 2029	148.964.310
Leiga 2030	148.964.310
Leiga síðar	428.446.908
	<hr/>
	1.173.268.458
	<hr/> <hr/>

Sundurliðanir

	2025	2024
Rekstrartekjur		
Móttökutekjur.....	847.903.269	725.966.956
Endurvinnsluafurðir.....	3.518.700.091	3.900.798.215
Endurvinnslustöðvar.....	3.053.274.348	2.402.086.427
Nytjamarkaðir.....	711.579.047	661.626.117
Aðrar tekjur.....	181.464.065	87.495.591
	<u>8.312.920.820</u>	<u>7.777.973.306</u>

Rekstrargjöld

Annar starfmannakostnaður

Slysatryggingar.....	3.613.863	1.900.442
Fæðis- og kaffikostnaður.....	37.094.057	33.958.836
Vinnufatnaður.....	16.535.805	14.082.136
Menntun og námskostnaður.....	17.613.473	8.032.028
Annar starfsmannakostnaður.....	40.455.996	35.704.457
	<u>115.313.194</u>	<u>93.677.899</u>

Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs

Eyðingargjöld.....	1.328.414.945	1.041.807.155
Flutningur.....	646.928.789	640.073.588
Véla- og gámaleiga.....	228.057.108	526.925.137
Rekstrarvörur.....	131.848.452	136.964.968
Landleiga og urðunargjald.....	64.725.264	66.264.187
Tækniástoð.....	89.339.999	195.876.767
Viðhald véla og tækja.....	219.483.995	240.351.422
Tryggingar véla og tækja.....	2.651.571	1.374.899
Aðrar tryggingar vinnsla.....	0	75.078
Eftirlitsgjöld.....	7.812.608	12.978.266
	<u>2.719.262.731</u>	<u>2.862.691.467</u>

Rekstur húsnæðis

Húsaleiga.....	149.568.252	144.401.518
Rafmagn, hiti og kalt vatn.....	116.909.642	102.639.814
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	111.714.821	83.952.291
Fasteignagjöld og lóðarleiga.....	107.882.999	101.765.350
Annar húsnæðiskostnaður.....	42.863.637	32.904.853
Snjómokstur / hálkueyðing.....	6.182.931	10.544.454
Viðhald lóðar.....	85.007.954	56.955.324
	<u>620.130.236</u>	<u>533.163.604</u>

Sundurliðanir

	2025	2024
Kynningarkostnaður		
Auglýsingar, framleiðsla og birtingar.....	81.136.842	99.845.147
Kynningar.....	47.389.470	16.616.054
	<u>128.526.312</u>	<u>116.461.201</u>
Rekstur fólksbifreiða		
Eldsneyti.....	11.283.816	6.527.704
Viðhald.....	15.771.955	9.593.516
Skattar og tryggingar.....	9.281.614	6.983.596
Rekstrarleiga.....	2.744.936	0
Annað.....	2.959.854	1.310.814
	<u>42.042.175</u>	<u>24.415.630</u>
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Ferðakostnaður.....	20.545.487	23.865.067
Ritföng og prentun.....	2.574.145	8.084.338
Símakostnaður.....	10.341.441	12.950.403
Burðargjöld.....	355.565	352.682
Fundakostnaður.....	4.850.787	2.916.789
Bækur og tímarit.....	928.707	148.754
Rekstur tölvubúnaðar.....	196.964.539	214.208.445
Félags- og aðildargjöld.....	2.672.002	6.532.723
Þóknun til endurskoðenda.....	6.807.195	6.798.135
Lögfræðileg aðstoð.....	39.682.423	54.475.058
Aðkeypt þjónusta.....	132.723.210	120.488.806
Innheimtu- og önnur bankaþjónusta.....	10.967.495	10.326.921
Vátryggingar.....	5.569.968	5.431.967
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	89.749	4.795.019
Annar kostnaður.....	94.035.159	42.950.251
	<u>529.107.872</u>	<u>514.325.358</u>
	<u>4.154.382.520</u>	<u>4.144.735.159</u>
Rekstrarkostnaður samtals		
Þóknun til endurskoðenda nánar		
Endurskoðun.....	3.698.355	3.618.145
Innri endurskoðun.....	4.156.514	8.864.040
Önnur þjónusta.....	3.108.840	3.179.990
	<u>10.963.709</u>	<u>15.662.175</u>

Fylgigögn með ársreikningi 2025

Fimm ára yfirlit samlagsins

Rekstur	2025	2024	2023	2022	2021
Rekstrartekjur.....	8.312.921	7.777.973	6.668.357	5.771.984	4.588.474
Rekstrargjöld.....	(6.888.586)	(6.628.818)	(5.895.470)	(4.463.247)	(3.797.829)
Hagnaður f. afskriftir.....	1.424.335	1.149.155	772.887	1.308.738	790.645
Afskriftir.....	(672.300)	(657.679)	(453.599)	(403.167)	(330.388)
Hagnaður f. fjárm. liði.....	752.034	491.477	319.288	905.570	460.257
Fjármagnsliðir.....	(210.712)	(228.931)	(228.464)	(218.219)	(129.317)
Hagnaður ársins.....	541.323	262.546	90.824	687.351	330.940

Efnahagur

Fastafjármunur.....	9.018.967	8.244.789	8.392.947	8.089.401	7.954.285
Veltufjármunir.....	2.221.417	1.261.497	1.280.225	1.506.672	1.028.421
Eignir samtals.....	11.240.384	9.506.287	9.673.173	9.596.073	8.982.706

Eigið fé.....	6.578.416	6.037.093	5.774.548	5.683.724	4.996.372
Skuldbindingar.....	484.006	486.970	482.992	461.606	443.978
Langtímaskuldir.....	2.799.176	1.924.942	2.033.316	2.135.541	2.240.139
Skammtímaskuldir.....	1.378.785	1.057.281	1.382.317	1.315.202	1.302.217
Eigið fé og skuldir samtals.....	11.240.384	9.506.287	9.673.173	9.596.073	8.982.706

Veltufjárhlutfall.....	1,61	1,19	0,93	1,15	0,79
Eiginfjárhlutfall.....	58,52%	63,51%	59,70%	59,23%	55,62%
Arðsemi eigin fjár.....	8,58%	4,45%	1,59%	12,87%	7,22%
Skuldsetningarhlutfall.....	41,48%	36,49%	40,30%	40,77%	44,38%
Ársverk.....	173	162	150	130	113



SORPA




SORPA

Rekstraryfirlit

2025

Rekstrarrafkoma



Rekstrarafkoma

Sorpa	2025	Áætlun	%	2024	%
Tekjur	8.312.921	8.248.405	1%	7.777.973	7%
Gjöld	-6.888.586	-6.712.198	3%	-6.628.818	4%
Laun og launatengd gjöld	-2.734.203	-2.662.156	2,7%	-2.484.083	10%
Niðurstaða fyrir afskriftir	1.424.335	1.536.207	7%	1.149.155	24%
Afskriftir	-672.300	-651.250	3%	-657.679	2%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-210.712	-278.675	24%	-288.931	27%
Rekstrarafkoma	541.323	606.282	11%	202.546	167%

Fjárhagslegir mælikvarðar

Mælikvarði	Viðmið	2025
Arðsemi eigin fjár	>5%	8,58%
Arðsemi eigna	3-5%	5,2%
Veltufé frá rekstri / Tekjur	>10%	15,78%
Eiginfjárhlutfall	>40%	58,53%
Veltufjárhlutfall	>1	1,33
Handbært fé	> 300 m.kr.	784,6 m.kr.
Útgjöld / Tekjur sl. 3 ár	<100%	93%
Skuldir / Tekjur	<150%	46,64%



FRUMKVÆÐI

- ✓ Við erum framsækið fyrirtæki, óhrædd við nýjungar og brautryðjendur í okkar starfi.
- ✓ Við leggjum áherslu á lágmörkun úrgangs og stuðlum að sjálfbærri þróun.
- ✓ Við erum í stöðugri þróun í takt við nýjar áherslur í umhverfismálum.



TRAUST

- ✓ Við leggjum metnað í að fræða samfélagið um starfsemina.
- ✓ Viðskiptavinir og samstarfsaðilar geta treyst okkur.
- ✓ Við leggjum áherslu á að veita góða þjónustu.



SAMHELDNI

- ✓ Við vinnum að verndun umhverfisins í sátt við samfélagið
- ✓ Við leggjum áherslu á góða liðsheild og sameiginleg markmið.
- ✓ SORPA og samfélagið eru hlekkir í sömu keðju.



ÁRSFUNDUR SORPU BS. 2026

Ársfundur SORPU bs. verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2026 kl. 16.00 á skrifstofu SORPU á 5. hæð að Köllunarklettsvegi 1.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Umhverfisskýrsla SORPU bs.
3. Fræðslu og/eða skemmtiefni.
4. Ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðenda félags.
6. Önnur mál.

Um drög að dagskrá er að ræða en endanleg dagskrá verður send út ekki seinna 31. mars nk.

Frá: Þórhalli Hákonarsyni, fjármálastjóra SORPU

Til: Aðalfundur

Efni: Tillaga um endurskoðanda

23. mars 2026

Tillaga um endurskoðanda

Lagt er til að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði kosinn endurskoðandi SORPU bs.